

Íslenska *á allra vörum* 2

*Íslenska sem annað tungumál
-kennstuleiðbeiningar*



Bryndís Inda Stefánsdóttir | Kristín Björk Gunnarsdóttir

Til kennara

Þessar kennsluleiðbeiningar eru með bókinni *Íslenska á allra vörum 2* sem er kennslubók í íslensku fyrir útlendinga. Lögð var áhersla á að hafa bókina einfalda og skýra en þó er talsvert um samfelldan texta og því gerir hún nokkrar kröfur um grunnþekkingu í tungumálinu. Þegar nemendur hafa kynnst bókinni geta þeir nýtt sér hana sem nokkurs konar uppflettirit (lýsingarorð, persónufornöfn, sagnir, litir, tölur o.fl.). Einnig hefur verið gefin út bókin *Íslenska á allra vörum 1* og *Íslenska á allra vörum - fjölnota efni* sem hentar vel sem ítarefni við kennslu bókanna.

Prentað er öðru megin á hverja síðu til að nemendur geti glósað hjá sér orð og annað sem rætt er um í tengslum við hvert viðfangsefni. Oftast er hvert viðfangsefni aðeins á einni blaðsíðu og því hægt að taka blaðsíður bókarinnar í þeirri röð sem hver kennari óskar.

Grunnnám í íslensku fyrir útlendinga er skv. námskrá frá árinu 2008 1) 240 kennslustundir og skiptist upp í fjóra áfanga. Annar áfanginn er 60 kennslustundir og kemur bókin inn á alla þá efnisþætti sem þar eru upptaldir.

Á fyrri stigum íslenskunáms þarf, að okkar mati, að leggja áherslu á að nemendur hlusti mikið á íslensku og að þeir geti gert sig skiljanlega með einföldum orðum og setningum. Bókin ein dugar því ekki til og hverju viðfangsefni þurfa því að fylgja munnlegar æfingar og endurtekningar.

Uppbygging kennsluleiðbeininga

Í kennsluleiðbeiningunum er hver blaðsíða tekin fyrir. Þar er viðfangsefni síðunnar aðeins útskýrt, oft eru ýmsar ábendingar til kennara og svo lagðar fram hugmyndir að æfingum. Æfingarnar henta vel til að fara dýpra í viðfangsefnið eða til að koma að því frá öðru sjónarhorni. Æfingarnar er flestar þess eðlis að hægt er að nota þær á fleiri vegu en hér eru nefndir og með margvíslegum viðfangsefnum. Það er undir kennaranum komið að útfæra þær á sinn hátt og einnig er lærdómsríkt að endurtaka sumar þeirra aftur og aftur.

Það er von okkar að kennslubókin falli kennurum og nemendum vel og auðveldi útlendingum að læra tungumálið okkar betur.

Gangi ykkur vel!

Bryndís Inda og Kristín Björk

<http://www.margvis.is/>

inda@akmennt.is

kbjork@centrum.is

Menntamálaráðuneyti 2008. Íslenska fyrir útlendinga—grunnnám. Námskrá. Rit 42.

Blaðsíða 1 - Hver situr við hliðina á þér?

Tveir og tveir nemendur vinna saman og spyrja hvor annan spurninganna á síðunni. Síðan kynna þeir sessunaut sinn fyrir hinum nemendunum. Ef hópurinn er mjög stór er hægt að skipta honum í tvennt þegar kynningin fer fram. Annars er þetta skemmtileg æfing sem gaman er að gera með nemendunum í upphafi námskeiðs.

Blaðsíða 2 - Litir

Upprifjun á litunum og beygingu þeirra í kynjum, (sjá einnig bls. 15 í bók 1 og kennsluleiðbeiningar).

Textinn um liti íslenska fánans er fróðlegur og býður upp á skemmtilegar umræður. Nemendur teikna íslenska fánann ásamt sínum þjóðfána. Kannski vita nemendurnir hvað litirnir í honum tákna. Mjög skemmtilegar umræður geta skapast!

Æfing:

- Kennið nemendum vísuna um litina á íslensku;
Gulur, rauður, grænn og blár,
svartur, hvítur, fjólublár.
Brúnn, bleikur banani
appelsína talandi.
Gulur, rauður, grænn og blár,
svartur, hvítur, fjólublár.
- Takið með ykkur íslenskan fána og farið í gegnum reglur og hefðir tengdar fánanaum. Sjá t.d. á skátavefnum
<http://www.skatar.is/vefur/default.asp?ItemGroupID=9&ItemID=260>

Blaðsíða 3 - Gulur, rauður, grænn og blár...

Tveir og tveir nemendur spyrja hvor annan spurninganna á síðunni. Nemendur geta síðan búið til fleiri spurningar sjálfir og spurt. Leggið áherslu á beygingu litanna í kynjum.

Blaðsíða 4 - Hver er fyrstur til að finna 10 persónur sem segja Já?

Áður en æfingin hefst lesa nemendur yfir blaðið og orð sem þeir ekki skilja eru útskýrð. Síðan ganga þeir um og spyrja hvor annan spurninganna á blaðinu. Fáir spyrjandi svarið „já“ við spurningunni skrifar hann nafn viðkomandi í reitinn og heldur svo áfram. Takmarkið er að fá „já“ við 10 spurningum. Góð regla er að spyrja alla einnar spurningar áður en sama persóna er spurð aftur. Þegar leiknum er lokið er hægt að spjalla um t.d. hvað fólk hefur gert/ekki gert. Var einhver spurning sem enginn svaraði játandi o.s.frv.

Blaðsíða 5 - Hver, hvað, hvar...???

Farið yfir hvaða spurnarfornöfn eru notuð hverju sinni.

Hvað - notað oft þegar spurt er um persónulegar upplýsingar (nafn, sími) og það sem er núna/á staðnum (hvað segir þú/hvað er þetta?)

Hvar - felur í sér staðsetningu, hvar vinnur þú/átt þú heima...?

Hver - verið að spyrja um persónu. ATH, hver er kennitalan þín?

Hvernig - oft spurningar sem hægt er að svara jákvætt eða neikvætt.

Hvernig er í vinnunni? Gaman/leiðinlegt...

Hvenær - felur í sér tíma eða tímasetningu.

Hvaðan - felur í sér spurningu um stað.

Af hverju/hvers vegna - svarið hefst á *af því að* eða *vegna þess að*.

Æfing:

- Nemendur skrifa fleiri dæmi inn í reitina og spyrja hver annan spurninga sem hefjast á mismunandi spurnarfornafni.

Blaðsíða 6, 7 og 8 - Lýsingarorð - andheiti

Lýsingarorð beygjast í kynjum. Hér eru lýsingarorð með andstæða merkingu þöruð saman og skal hvert orð beygt í kynjum.

Lýsingarorðin sem myndirnar eiga að endurspegla eru: (í karlkyni)



Bls 6

stór - lítill

mjór - feitur

aumur - sterkur

skítugur - hreinn

reiður - glaður

gamall - ungur

Bls 7

blautur - þurr

tómur - fullur

nýr - gamall

hollur - óhollur

þungur - léttur

auðveldur - erfiður

Bls 8

hægur - hraður

ljótur - fallegur

latur - duglegur

kaldur - heitur

stuttur - langur

dökkur - ljós

Orðin skulu svo einnig sett í kvenkyn og hvorugkyn.

Æfing:

- Finnið fleiri lýsingarorð og setjið í öll kyn.
- Ef hópurinn er tilbúinn má setja einhver lýsingarorð í fleirtölu.

Blaðsíða 9 – Forsetningar

Nemendur rifja upp forsetningar. Á blaðsíðunni er strákurinn staðsettur (frá vinstri) *við hliðina á, yfir/fyrir ofan, á, undir, fyrir framan/framan við, á milli, ofan í og bak við/fyrir aftan*.

Nemendur skrifa setningar neðst á síðuna um hvar strákurinn er. Vekið athygli þeirra á að til eru forsetningar með sömu merkingu.

ofan við/fyrir ofan

bak við/fyrir aftan/aftan við

fyrir framan/framan við

á/ofan á

Einnig má nefna að sumar forsetninar taka þolfall, aðrar þágufall. Örfáar taka eignarfall, þar á meðal *á milli*.

Í bók 1 eru forsetningar teknar fyrir á bls. 30.

Blaðsíða 10 – Hvernig lít ég út?

Nemendur læra orð um útlit. Gott er að fara saman yfir orðaforðann og bæta við hann. Vekið athygli nemenda á því að lýsingarorð beygjast í kynjum og breytast því eftir því hvort þau standa í karlkyni, kvenkyni eða hvorugkyni. Upplagt er að búa til yfirlit yfir þetta á auðu síðunni vinstra megin við blaðsíðuna.

Æfing:

- Nemendur fá mynd af persónu og búa til lýsingu.

Blaðsíða 11 – Persónulýsingar

Æfing í að lesa texta. Kennari les textann fyrir hópinn. Farið er sérstaklega í framburð á erfiðum hljóðum og muninn á t.d. *o - ó, i - í* o.s.frv.

Síðan lesa nemendur textann í minni hópum. Munið að aðgát skal höfð í nærveru sálar og að sumum þykir erfitt að lesa upphátt, sérstaklega í stórum hópi.

Kennari aðstoðar nemendur við að skrifa almenna lýsingu á sjálfum sér, skrifar orðaforða og einfaldar setningar upp á töflu sem nemendur geta valið úr.

Æfing:

- Nemendur búa til spurningar upp úr textanum, einir eða í litlum hópum og spyrja síðan aðra nemendur/hópa.
- Sveinn og Pálína eiga börn! Finnið myndir af krökkum og gerið lýsingar á þeim!
- Nemendur gera lýsingar á Sveini og Pálinu eins og þau verða eftir 30 ár.

Blaðsíða 12 – Föt

Nemendur rifja upp heiti á fötum og fylgihlutum (sjá bók 1, bls. 16 og 17). Einnig æfa nemendur að beygja litarorðin í kynjum; *peysan er blá, pilsin er blátt*. Upplagt er að skrifa á auðu síðuna til vinstri beygingar á litum og fötum. Í kassanum eru orð og orðatiltæki sem tengjast fötum og gott er að fara yfir það saman.

Æfing:

- Takið með bæklinga/blöð með myndum af fólki (t.d. Hagkaupsblað og pöntunarlistar). Klippið út myndir og nemendur gera lýsingar við myndirnar einir eða í litlum hópum.
- Nemendur láta sem þeir séu að kaupa föt. Sumir eru afgreiðslufólk, aðrir viðskiptavinir. Best er að hafa föt við hendina í þessari æfingu.


Blaðsíða 13 – Hvar ertu?

Nemendur æfa orð um útlit og liti og rifja upp orð um föt. Með því að lesa textann eiga þeir að finna persónurnar sem við er átt. Upplagt er að svara spurningunum neðst á síðunni hver fyrir sig og bera svörin svo saman við svör annarra í hópnum.

Æfing:

- Nemendur gera lýsingar á fleiri persónum á myndinni. Tveir og tveir nemendur vinna síðan saman. Annar les upp lýsinguna og hinn á að finna út við hvern er átt.
- Nemendur draga miða með nafni einhvers úr nemendahópnum (ekki eigið nafn). Síðan eiga þeir að búa til lýsingu á viðkomandi persónu. Allir lesa svo upp sína lýsingu og hópurinn finnur út við hvern lýsingin á.
- Nemendur teikna persónu eða einhverja veru. Síðan skrifa þeir texta um hana. Þar er hægt að koma inn á útlit, hvar hún vinnur, hvað henni finnst skemmtilegast að gera, uppáhaldsmat o.fl.
- Kennari býr til lýsingu á persónu eða furðuveru. Textinn er lesinn og nemendur teikna eftir lýsingunni.

Dæmi: Ég er með stóran haus. Ég er með þrjú augu, stórt nef og lítinn munn. Hárið mitt er sítt og krullað. Ég er með fjóra fætur og tvær mjög litlar hendur.



Blaðsíða 14 – Húsið okkar

Þessari síðu er upplagt að varpa upp á vegg og skoða saman. Orðaforði sem taka má fyrir:

hæðir: kjallari, 1. hæð/jarðhæð, 2. hæð, 3. hæð og ris/háaloft

herbergi: geymsla, þvottahús, forstofa, eldhús, baðherbergi, stofa, hol, svefnherbergi/hjónaherbergi/barnaherbergi o.s.frv.

húsgögn/húsbúnaður: kómmóða, stóll, spegill, sófi, klukka, sjónvarp, rúm, skápur, lampi, borð, hillusamstæða o.s.frv.

einnig: gluggi, hurð, veggur, þak, tröppur, svalir o.s.frv.

Æfing:

- Nemendur vinna í pörum eða litlum hópum og búa til spurningar um staðsetningu húsgagna og hluta á myndinni, t.d. *hvar er spegillinn? Svör nemenda geta verið allt frá því að benda á viðkomandi hlut og til þess að svara í heilli setningu með áherslu á beygingar.*
- Nemendur velja sér vistarveru í húsinu og gera lista yfir allt það sem er að finna í henni. T.d. forstofu og telja þá upp útiföt, skó, mottu o.s.frv. Hvetjið nemendur til að einblína ekki bara á myndina, heldur láta hugmyndaflugið ráða.
- Kennari eða nemendur gefa fyrirmæli um að lita ákveðna hluti á myndinni, t.d. *litið sófann brúnan, litið stigann í geymslunni gulan...*
- Takið fyrir orðið skápur og ræðið um mismunandi heiti þeirra og hvað er í þeim. T.d. eldhússkápur, fataskápur, lyfjaskápur, bókaskápur o.s.frv. Upplagt að skrifa heiti skápsins og svo innihaldið allt í kring, þá er auðvelt að bæta við orðum síðar.
- Kennari eða nemandi velur hlut á myndinni. Hópurinn reynir að komast að því hver hluturinn er með því að spyrja spurninga sem hægt er að svara með *já* eða *nei*.

Dæmi: Kennari velur vekjaraklukkuna. Nemendur spyrja. *Er hluturinn í geymslunni? Nei. Er hluturinn á 3. hæð? Já o.s.frv.*

Blaðsíða 15 - Heimilið

Þessi síða er til að dýpka skilninginn á síðunni á undan. Farið er meira í athafnir tengdar vistarverunum. Bendið nemendum á tengsl orða eins og að við þvöum í þvottahúsi, eldum í eldhúsi og geymum í geymslu. Nemendur gera stutta lýsingu á eða teikna sitt hús.



MUNA! Munur er á milli landa hvernig talað er um hæðir í húsum. T.d. þegar við segjum *2. hæð* á íslensku, segja Danir *1. sal* og á ensku er talað um *1st floor*.

Æfing

- Upplagt er að fara á heimasíður fasteignasala, ná í myndir af mismunandi húsum s.s. blokk, einbýli, tvíbýli o.s.frv., sýna nemendum og láta þá skrifa um.

Blaðsíða 16 - Stofan mín

Hérna er gert ráð fyrir ákveðinni grunnþekkingu nemenda á algengum innanstokksmunum. Nemendur teikna uppgefin húsgögn inn í stofuna, annað hvort eftir fyrirmælum kennara eða frjálst. Kennari getur svo skoðað hjá nemendum eða spurt þá eftir staðsetningu húsgagnanna. Hér er líka hægt að æfa hugtökin; *við hliðina á, á milli, hægra megin við* o.s.frv.

Blaðsíða 17- Hvað ætlar þú að gera?

Æfing í notkun sagnarinnar *að ætla*. Nemendur setja réttar beygingarmyndir sagnarinnar í eyðurnar. Nemendur undirbúa svör við spurningunum í neðsta rammanum í heilum setningum. Þeir ganga síðan á milli og spyrja hver annan. Með því að endurtaka svör sín nokkrum sinnum öðlast þeir aukið öryggi og fara jafnvel að lengja svör sín.

MUNA! Sögnin *að ætla* tekur með sér aðra sögn í nafnhætti. Bendið nemendum á að með því að nota sögnina *að ætla* og aðra sögn í nafnhætti er hægt að búa til stutta og rétta setningu. Við spurningunni *Hvað ætlar þú að gera um helgina* má t.d. gefa svörin *ég ætla að vinna, ég ætla að borða góðan mat og ég ætla að sofa*.

Blaðsíða 18 - Hvert ert þú að fara?

Nokkur orðasambönd til að æfa notkunina á forsetningunum *á*, *í* og *til*. Regla um hvort segja eigi *á* eða *í* er engin, þetta þarf bara að læra!

Athugið að dæmi eru til um að nota megi bæði *í* og *á*, en þá er merkingin ekki sú sama.

Dæmi: fara á skauta/skíði. Fara í skautana/skíðin.

Forsetningin *til* er einkum notuð með persónum eða löndum.

Dæmi: fara til ömmu, fara til Noregs.

Kyrrstaða og hreyfing: forsetningarnar *í* og *á* geta bæði stýrt þolfalli og þágufalli en þá er merkingarmunur á setningunum.

Dæmi: ég er að fara í skólann (þolfall, hreyfing) - ég er í skólanum (þágufall, kyrrstaða).

Í bæinn (þolfall) - í bænum (þágufall)

Ég er að fara á kaffihús (þolfall) - ég er á kaffihúsi (þágufall).

MUNA! Þetta finnst mörgum erfitt að læra og því er nauðsynlegt að endurtaka þetta aftur og aftur og dvelja við frekar oft en lengi í hvert sinn.

Æfing:

- Finnið fleiri dæmi um orðasambönd af þessu tagi.
- Búið til fleiri spurningar sem eiga við orðasamböndin á síðunni.
- Búið til spurningar sem hefjast á *af hverju* og *hvernig*.

Blaðsíða 19 og 20 - Persónufornöfn - eintala/fleirtala

Farið er í persónufornöfnin og beygingu þeirra í eintölu og fleirtölu.

Hjálparorðin; *hér er, um, frá og til* og nöfn fallanna eru kynnt. Nokkrar algengar sagnir eru notaðar til að æfa beygingu persónufornafnanna. Þetta reynist mörgum erfitt og því eru sömu sagnir notaðar á báðum blaðsíðum til að æfa eintölu og fleirtölu fornafnanna.

Ef nemendur eru tilbúnir til er hægt að finna fleiri sagnir og hvaða falli þær stýra. Dæmi

nefnifall > eiga, tala, ætla, verða

þolfall > fela, þekkja, kyssa

þágufall > gefa, trúá, finnst

eignarfall > gæta, bíða, vænta



MUNA! Þetta finnst mörgum erfitt að læra og því er nauðsynlegt að endurtaka þetta aftur og aftur og dvelja við frekar oft en lengi í hvert sinn.

Æfing:

- Fyrir þá sem eru lengra komnir er upplagt að finna fleiri sagnir sem stýra ákveðnum föllum; hvaða sagnir stýra þolfalli, þágufalli o.s.frv. (sjá dæmi hér að ofan)
- Veljið sagnir sem þið beygið í öllum kynjum og jafnvel fleirtölu

Blaðsíða 21- Áhugamál

Texti um nokkrar af persónunum sem eru á bls. 13. Hér er farið í orðaforða sem tengist tómstundum og áhugamálum.

Upplagt er að taka fyrir orðasamböndin í textanum sem tengjast áhugamálum eins og *á netinu*, *í tölvuleikjum*, *á æfingu*, *á ball* o.s.frv. Einnig er hægt að nota textann til að æfa framburð, finna sagnorð, nafnorð, eintölu orða o.fl.

MUNA! Hafa má í huga þegar nemendur svara hvað þeim finnst gaman/ekki gaman, er hægt að svara á mismunandi hátt.

Finnst þér gaman að...

Já, mér finnst gaman að...

Nei, mér finnst ekki gaman að...

Já, mér finnst það gaman.

Nei, mér finnst það ekki gaman.

Finnst þér skemmtilegt að...?

Já, mér finnst skemmtilegt að...

Nei, mér finnst ekki skemmtilegt að...

Nei, mér finnst leiðinlegt að...

Nei, mér finnst það leiðinlegt

Æfing:

- Gerið lista eða ræðið um hvaða áhugamál nemendur hafa/hægt er að hafa. Farið einnig í hvernig orðasamband er notað í tengslum við þetta áhugamál, dæmi: hef áhuga á fótbolta, finnst gaman að fara í bíó/á kaffihús.
- Ræðið um hvaða tómstundir er hægt að stunda í viðkomandi byggðarlagi. Yfirleitt er auðvelt að nálgast upplýsingar um hvað er í boði á heimasíðum félaga eða bæjarfélagsins.
- Lýsið fötunum sem persónurnar eru í og skrifið meira um þær.
- Veljið aðrar persónur á bls. 13 og skrifið eða talið um þær.

Blaðsíða 22 - Að ætla, að langa, að finnast

Farið er í muninn á sögnunum *að ætla*, *að langa* og *að finnast* og athygli vakin á mismunandi föllum sem sagnirnar taka.

Nemendur setja upp mismunandi dæmi með sömu athöfnum þar sem sagnirnar koma fyrir.

Upprifjun á persónufoðnum.



Blaðsíða 23 - Kæri Jón

Æfing í að skrifa bréf á íslensku með viðeigandi upphafi og endi. Nemendur skrifa stutt bréf og eru hvattir til að lesa upphátt og deila með hinum nemendunum.

Blaðsíða 24 – Fjölskyldan hans Daníels

Nemendur rifja upp heiti fjölskyldumeðlima og dýpka enn frekar skilning sinn á þeim. Gott er að koma hér inn á hugtök sem tengjast æviskeiðinu, eins og ungubarn, barn, krakki, unglingur, táningur, fullorðin, miðaldra, gamalmenni o.fl.

Æfing:

- finnið fleiri hugtök sem tengjast fjölskyldunni. T.d. hálf systir/bróðir, fósturmamma/pabbi, hálf systkin, tengdamamma/pabbi o.s.frv.

Blaðsíða 25 – Ættartréð mitt

Nemendur setja niður á blað hvernig fjölskyldur þeirra eru uppbyggðar. Þeir eru hvattir til að skrifa í heilum setningum og nýta orðin sem búið er að fara í. T.d. *ég á tvo bræður og eina systur. Maðurinn minn heitir Karl og saman eigum við þrjú börn...*

Blaðsíða 26 – Veðurfréttir

Íslendingar tala oft um veðrið, enda breytist veður oft fljótt hér á landi. Hér eru sýnd nokkur veðurhugtök sem gott er að kunna. Höfuðáttirnar eru fjórar (norður, suður, austur og vestur). Hægt er að bæta við áttum (gera örvar á myndina og skrifa við); norðaustur, norðvestur, suðaustur og suðvestur.

Skoðið veðurkortin af Íslandi og Ástralíu og segið frá hvernig veðrið er. Í viðauka aftast í bókinni má finna fleiri kort.

(Veðurkortin og táknin eru fengin á www.visir.is. Nokkur munur er á veðurtáknum milli netmiðla)

MUNA! Þegar talað er um veður notum við oft tölur. Vekið athygli nemenda á því að hægt er að segja hve heitt er úti á mismunandi vegu og að beygja þarf tölurnar frá 1-4. *Það er ein/tvær/þrjár/fjórar gráður úti. Það er eins/tveggja/þriggja/fjögurra stiga hiti úti.*

Æfing:

- Finnið fleiri veðurkort t.d. inni á www.visir.is eða www.mbl.is. Nemendur lýsa veðrinu og æfa sig í notkun hugtakanna.
- Nemendur segja frá hvernig veðrið er úti þessa stundina.
- Nemendur segja frá því hvernig veðrið er í heimalandi þeirra og bera það saman við veðráttuna hér.

Blaðsíða 27 - Veður og færð

Texti til að lesa, æfa framburð og bæta við orðaforðann. Upplagt er að lesa textann í minni hópum svo allir fái að lesa nokkrar línur.

Nemendur læra sagnir sem tengjast veðri í nútíð og þátíð (skín/skein, rignir/rigndi, snjóar/snjóaði)

Neðst eru nokkrar staðreyndaspurningar úr textanum sem nemendur svara skriflega.

Æfing:

- Nemendur búa til fleiri spurningar upp úr textanum og spyrja hver annan.
- Nemendur segja frá upplifun sinni af vetri og vondu veðri á Íslandi.
- Hver er munurinn á vetri á Íslandi og í heimalandi þeirra?

Blaðsíða 28 - Árstíðir

Hér er rætt um árstíðirnar fjórar, hvað einkennir þær hér á landi og í heimalöndum nemenda. Nemendur skrifa síðan um árstíðina í sínu heimalandi og hvenær hún er.

Á Íslandi eru ekki ákveðnar dagsetningar fyrir það hvenær hver árstíð byrjar. Sumardagurinn fyrsti og fyrsti vetrardagur eru heiti sem við höldum enn í og eru þau úr gömlu norrænu kerfi þar sem aðeins voru tvær árstíðir, sumar og vetur. Hófst þá sumarið á sumardaginn fyrsta, sem er fyrsti fimmtudagurinn eftir 18. apríl. Sumartímabilinu lauk á föstudegi á tímabilinu 20. til 27. október.

Fróðlegt er að ræða við nemendur um hvenær hver árstíð hefst á Íslandi að þeirra mati.

Æfing:

- Einföld ljóðagerð. Hækur innihalda aðeins þrjár línur og er hver lína nokkurs konar svar við spurningunum hvar?, hvað? og hvenær? Maður spyr sig þá spurninganna í huganum og svarið verður lína í ljóðinu. Ekki skal hugsað um rím eða annað.

Dæmi: Í furutrénu (hvar)
gerir þrósturinn hreiður (hvað)
vor í garðinum (hvenær)

Í garðinum mínum
laufin falla af trjánum
Alltaf á haustin

Reglan er sú að fyrsta línan skal vera 5 atkvæði, önnur línan 7 og sú síðasta 5, en ekki er ástæða til að gera þetta flóknara í byrjun en að koma einhverju frá sér á blaði!

Gaman er að skrifa t.d. haustljóð á litaðan pappír, sem klipptur er sem laufblöð, og hengja upp á vegg.

- Verkefni að vinna í tölvu um árstíðirnar:
<http://elgg.khi.is/gudlkonr/files/90/137/Kartöflu.htm>

Á vef www.is.wikipedia.org eru þessar skilgreiningar

Vetur: Á norðurvæli jarðar eru eftirtaldir mánuðir taldir til vetrarmánaða: desember, janúar, febrúar og mars, en þetta eru þeir fjórir mánuðir ársins sem að jafnaði hafa lægstan meðalhita.

Vor: Á norðurvæli jarðar eru mánuðirnir mars, apríl og maí oftast taldir til vors, en á suðurvæli eru mánuðirnir september, október og nóvember vormánuðir. Veðurstofa Íslands telur vor vera mánuðina apríl og maí. Vor er sá tími ársins þegar daginn er að lengja hvað mest og í kjölfar þess hækkar meðalhitinn dag frá degi og gróður tekur við sér.

Sumar: Sumur á norðurvæli jarðar miðast oftast við mánuðina júní, júlí og ágúst, en á suðurvæli við desember, janúar og febrúar. Veðurstofa Íslands telur sumar vera mánuðina júní, júlí, ágúst og september, en þetta eru þeir fjórir mánuðir ársins sem að jafnaði hafa hæstan meðalhita.

Haust: Á norðurvæli jarðar eru mánuðirnir september, október og nóvember almennt taldir til hausts, en á suðurvæli eru mánuðurnir mars, apríl og maí haustmánuðir. Veðurstofa Íslands telur haust vera október og nóvember. Á haustin styttnir dag mjög hratt og í kjölfarið kólnar og gróður sölnar.

Á heimasíðu www.wikibooks.com er eftirfarandi fróðleikur:

Höfundur: Guðlaug Helga Konráðsdóttir.

Árstíðirnar eru fjórar: vetur, sumar, vor og haust. Hver tími er einstakur og margt sem við gerum er tengt einhverri þeirra.

Á veturna er kalt og þá megum við eiga von á snjó og þá getur verið gaman að leika sér úti. Jólin eru hápunktur vetrarins og ljósadýrðin lýsir upp náttmyrkrið sem einkennir árstíðina.

Á vorin vaknar allt til lífsins, gróðurinn fer af stað, birtan eykst og páskarnir koma með fallega gula litnum.

Sumarið er aðaltími ársins að margra áliti. Sumarbyrjun er oft tengd sumardegnum fyrsta, en oft teygir veturinn og vorið anga sína fram yfir þann dag. En á sumrin er birtan mest og við förum í útilegur og leikum úti langt fram á kvöld.

Haustið er tími rökkursins. Haustlitir gróðursins eru fallegir, við förum í berjamó og réttir.

Haustið er undirbúningstíminn fyrir veturinn.

Þannig skiptist árið í fjórar árstíðir og við tökum á móti hverri og einni og njótum hennar út í ystu æsar.

Blaðsíða 29 og 30 – Viðburðir

Á síðunni er farið í nokkra af viðburðum ársins á Íslandi. Upplagt er að ræða þá, hvort fólk hafi tekið þátt í þeim og hvort að svipaðir viðburðir séu í heimalöndum nemenda. Reynt var að finna mynd sem táknað gæti hvern atburð, þeir eru settir upp í hring til að átta sig á hvenær árs þeir eru. Smá pláss er til að skrifa við hvern atburð.

Hverjum degi fylgir einhver saga og ekki er mælt með því að fara í alla viðburðina í einum tíma. Takið t.d. eina árstíð fyrir í hverjum tíma og látið einnig nemendur segja frá viðburðum í sínum löndum.

Æfing:

- Nemendur vinna í litlum hópum (ólík þjóðerni í hópnum ef hægt er) og segja frá/skrifa niður stuttan texta um viðburði í sínum heimalöndum.

Eftirfarandi upplýsingar eru teknar af síðunni:

http://hjallaskoli.kopavogur.is/nybuinn/verkefnabanki/sagadaga/saga_daganna.htm

Einnig wikipedia.org



Prettándinn: Prettándinn er sjötta janúar, hann er prettandi og síðasti dagur jóla. Eftir *tímatalsbreytinguna* árið 1700 bar hann næstum niður á sama dag og jólin hefðu annars byrjað. Á prettándanótt gátu kýr talað mannamál og álfar dönsuðu úti. Í dag kveðjum við jólin á prettándanum og höldum álfabrennur.

Á prettándanum voru síðustu afgangar jólamatarins borðaðir, menn spiluðu og kveiktu á kertum eða í brennum og var talað um að spila og/eða brenna jólin út.



Bóndadagur/Þorri: Mánuðurinn þorri byrjar í 13. viku vetrar (núna 19.- 25.

janúar.). Þorri er fjórði mánuður vetrar að forníslensku tímatali og þegar hann byrjar er vetur hálfnaður. Þorri var oft líkt við tröllslegan karl sem gat verið bæði grimmur og harður. Hvernig sem menn sáu þorra átti að taka vel á móti honum, gefa honum góðar gjafir og veita vel í mat og drykk og taka á allan hátt vel á móti honum. Fyrsta dag þorra ber alltaf upp á föstudag og nefnist hann bóndadagur. Síðan um miðja 18. öld hafa konur gert vel við menn sína þennan dag og eldað góðan mat. Upp úr 1980 byrjaði sú hefð að gefa þeim einnig blóm eða annað á þessum degi!

Þorrablót eru víða haldin núna. Algengt er að samstarfsmenn á vinnustöðum og ýmis félög taki sig saman og haldi þorrablót. Þá er gjarnan borðaður þjóðlegur matur svo sem harðfiskur, hangikjöt, svið, hrútspungar, slátur og margt fleira gómsætt sem kannski er ekki algengt á borðum nútíma Íslendinga.



Það er frí í grunnskólunum á öskudag. Víða er haldið upp á daginn með því að slá köttinn úr tunnunni og börn klæðast alls konar grímubúningum. Sagt er að öskudagur eigi 18 veðurbræður, þ.e. að aðrir 18 dagar fái sama veður og er á öskudag.



Páskar: Í flestum kristnum kirkjudeildum eru páskar mesta hátíð kirkjuársins. Tilefnið er upprisa Jesú en kristnir menn trúa því að hann hafi risið upp frá dauðum á þriðja degi eftir að hann var krossfestur einhvern tíma á árabílinu 27 til 33 e.kr. Samkvæmt frásögum í Nýja testamentinu bar handtöku og krossfestingu Jesú upp á páskahátíð gyðinga. Páskalambið varð að tákni fyrir Jesú í hugum kristinna manna því honum var fórnað á sama hátt og lambinu.

Lengi vel var sá siður í kaþólsku kirkjunni að fasta í 40 daga fyrir páska sem innlifun í píningu og píslarvætti Jesú. Rétttrúnaðarkirkjan heldur enn í þennan sið. Fastan fólst í því að ekki mátti neyta kjötmetis. Dagana áður en fastan hófst var haldin hátíð sem nefnd var kjötkveðjuhátíð (og er enn mikil hátíð í mörgum kaþólskum löndum). Fyrsti dagurinn í föstunni var nefndur öskudagur en þann dag voru trúaðir blessaðir í kirkjunni og fengu krossmark dregið á enni með ösku. Fimmti sunnudagur í föstu var boðunardagur Maríu, þegar María mey fékk boð Gabríels erkiengils um að hún væri barnshafandi og mundi fæða son Guðs.

Síðasta vikan fyrir páska er oftast nefnd dymbilvika eða kyrravika. Dymbilvikan hefst með pálmásunnudegi en samkvæmt Mattheusarguðspjallinu reið Jesú þann dag á asna inn í Jerúsalem til að halda páska gyðinga. Margir fögnuðu honum með því að veifa pálmagreinum og hylltu hann sem konung og frelsara. Á fimmtudeginum borðaði Jesú með lærisveinum sínum í síðasta sinn og er það nefnt síðasta kvöldmáltíðin. Dagurinn er nefndur skírdagur vegna þess að Jesú þvoði fætur lærisveina sinna fyrir máltíðina, en skír í þessu samhengi þýðir hreinn. Föstudagurinn langi snýst allur um sakfellingu Jesú, krossfestingu og dauða. Páskahátíð gyðinga *Pesach*, var haldin á laugardeginum á sabbatinu. Þennan dag lá öll starfsemi niðri en daginn eftir, á sunnudeginum, var venjulegur virkur dagur. Það var þá sem María Magdalena og María móðir Jakobs, samkvæmt, Markúsarguðspjallinu 16. kafla, sáu að Jesú var ekki lengur í gröfinni því að hann hafði risið upp frá dauðum. Kristnir menn halda þess vegna páskadaginn sem gleði- og fagnaðardag. Jesú lifði þrátt fyrir að hafa verið tekinn af lífi á krossinum og það gerir páskana að mestu hátíð kristinna manna og forsendu kristinnar trúar.

Samkvæmt guðspjöllunum birtist Jesú mörgum og víða eftir upprisuna allt fram að uppstigningardegi 40 dögum eftir páska, þá steig hann til himins og varð hægri hönd Guðs.

Sumardagurinn fyrsti: Það er skemmtilegt til þess að hugsa að Íslendingar halda upp á sumardaginn fyrsta í lok apríl. Það er ekki hægt að tala um að sumarið sé byrjað þá, enda tæplega komið vor. Ástæðan er sú að í gamla daga var árinu einungis skipt í tvennt, það er sumar og vetur.

Sumardaginn fyrsta má rekja mjög langt aftur í sögu Íslands og var hann haldinn fimmtudaginn 9. – 15. apríl fyrir árið 1700 en fimmtudaginn 19. – 25. apríl eftir það.

Það er líklegt að Íslendingar hafi lengi gert sér glaðan dag sumardaginn fyrsta og til eru frásagnir um að heiðnir menn hafi haldið sumarblót þennan dag. Sumargjafir eru þekktar frá 16. öld og eru því miklu eldri en jólagjafir.

Þjóðtrú tengist sumardegnum fyrsta. Það þykir til dæmis gott ef sumar og vetur „frjósa saman“ - það er að frost sé aðfaranótt sumardagsins fyrsta. Þegar árstíðirnar frjósa saman lofar það góðu sumri.



Sjómannadagur: Sjómannadagurinn er venjulega haldinn fyrsta sunnudag í júní. Eina undantekningin á því er þegar hvítasunnu ber upp á þann dag.

Sjómannadagurinn var fyrst haldinn í Reykjavík og á Ísafirði 6. júní 1938 og breiddist út um allt land á fáum árum. Talið er að um tvöþúsund sjómenn hafi tekið þátt í skrudgöngu í Reykjavík árið 1938. Í byggðarlögum þar sem útgerð er mikil er sjómannadagurinn mikill hátíðisdagur.



17. júní: Fæðingardags Jóns Sigurðssonar forseta var fyrst minnst með opinberum samkomum árið 1907 en almennur þjóðminningardagur var haldinn á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar 17. júní árið 1911. Þá var Háskóli Íslands settur í fyrsta sinn. Eftir það héldu íþróttasamtök upp á daginn. Árið 1944 var 17. júní valinn stofndagur lýðveldisins. Síðan hefur hann verið opinber þjóðhátíðardagur og almennur frídagur.

Jón Sigurðsson fæddist 17. júní 1811 á Hrafnseyri við Arnarfjörð og dó í Kaupmannahöfn árið 1879. Jón var leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld.

Lýðveldið Ísland var stofnað á Pingvöllum 17. júní árið 1944. Þann dag var forseti Íslands kjörinn í fyrsta sinn.

Forsetar lýðveldisins:


Sveinn Björnsson 1944-1952

Ásgeir Ásgeirsson 1952-1968

Kristján Eldjárn 1968-1980

Vigdís Finnbogadóttir 1980-1996

Ólafur Ragnar Grímsson 1996-



Jónsmessa: Jónsmessunótt, aðfaranótt 24. júní, er ein af fjórum mögnuðustu nóttum ársins og fylgir henni ýmis þjóðtrú, meðal annars að kýr tali og selir fari úr hömum sínum. Þessa nótt er gott að fara í töfragrasaleit og finna náttúrusteina og Jónsmessudögginn þykir afskaplega heilnæm til lækninga ef menn velta sér í henni allsberir. Jónsmessa var numin úr tölu helgidaga árið 1770.



Verslunarmannahelgi: Fyrsti mánudagur ágústmánaðar er nefndur frídagur verslunarmanna en allt frá um 1900 hefur verslunarfólki verið gefinn aukafrídagur þann dag. Nú er dagurinn orðinn almennur frídagur og verslunarmannahelgin er mikil ferðahelgi. Útihátíðir eru haldnar víða um land og helgin þekkt fyrir mikla áfengisneyslu landsmanna. Verslanir eru margar hverjar opnar alla helgina og því í raun ekki lengur um frídag verslunarmanna að ræða.



Göngur og réttir: Réttir er það kallað þegar sauðfé er rekið til byggða á haustin eftir að hafa verið til fjalla allt sumarið.

Réttir hófust á mismunandi tímum eftir byggðarlögum á Íslandi en þó alltaf í september. Sauðfjárrækt varð meginþáttur í atvinnulífi Íslendinga í lok 15. aldar og urðu réttirnar þá árleg

sveitahátíð, eina árvissa veraldlega samkoma sveitunga. Í lok 19. aldar var farið að halda dansleiki í tengslum við réttir. Réttarböllin tíðkast enn víða til sveita og eru af mörgum taldar stærstu skemmtanir ársins.

Fullveldisdagurinn: Fullveldisdagurinn er 1. desember. Þá var Ísland lýst frjálst og fullvalda ríki árið 1918. Dagurinn varð smám saman að almennum þjóðhátíðardegi fram að lýðveldistíma. Nú eru það aðallega háskólastúdentar sem minnst dagsins. Sumarið 1918 komu samninganefndir Íslands og Danmerkur sér saman um lagafrumvarp sem byrjaði á þessa leið:

„Danmörk og Ísland eru frjáls og fullvalda ríki, í sambandi um einn og sama konung.“

Frumvarpið var staðfest af ríkisþingi Dana og alþingi Íslendinga og samþykkt með þjóðaratkvæðagreiðslu. Sunnudaginn 1. desember 1918 var lýst yfir fullveldi Íslands og fáninn dreginn að hún.

Jól og áramót



Jól eru ein stærsta hátíð kristinna manna. Þeir halda þessa hátíð í minningu fæðingar Jesú, sonar Maríu meyjar. Í kristinni trú er Jesú sonur Guðs (Drottins) Kristur/Messías, sem spámennirnir sögðu að myndi koma. Jól eru haldin um gjörvallan hinn kristna heim og víða annars staðar þar sem kristni er jafnvel í miklum minnihluta. Hátíðin er ekki alls staðar á sama tíma. Hjá mótmælendum og rómversk- katólskum eru jól haldin á jóladag, þann 25. desember og sumir þeirra hafa heilagt frá klukkan 18 á aðfangadag jóla, en það gera alls ekki allar kristnar þjóðir. Í austurkirkjunni (grísk- katólsku og rétttrúnaðarkirkjunni) eru jólin haldin um það bil hálfum mánuði síðar.

Uppruni jólahalds er rakinn til sólhvarfahátíða heiðinna manna sem fögnuðu endurkomu sólarinnar sem lífgjafa. Kristnir menn ákvörðuðu að Jesú hefði fæðst um þetta leyti árs og settu jólin á svipaðan tíma og sólhvarfahátíðin var áður. Með því móti glötuðu menn ekki miðsvetrarhátíðinni þó að þeir skiptu um trú.

Áramót: Gamlársdagur er í vestrænni menningu síðasti dagur almanaksársins á Gregoríska tímatalinu. Á gamlárskvöldi er minnst hins liðna árs og litið fram til hins nýja. Ýmsar hefðir eru í kringum hátíðarhöld á þeim degi, en víðast hvar er stuðst við flugelda, kampavín eða freyðivín og litríkt skraut.

Hátíðarhöld á gamlárskvöldi á Íslandi hefjast oftast með hátíðarkvöldverði kl. 18. Eftir matinn er gjarnan horft á áramótabrennur, sem eru víða um land. Forsætisráðherra flytur hátíðarræðu í útvarpi og sjónvarpi. Um klukkan 22 hefst áramótaskaupið hjá RÚV og stendur í klukkustund, en flestir landsmenn horfa á það. Á miðnætti er gamla árið sprengt burt/kvatt, með því að skjóta upp flugeldum. Eftir miðnætti hefjast svo áramótaböll, sem standa fram eftir nýársmorgni.

Blaðsíða 31 - Afmælisbarn dagsins

Hér er áherslan lögð á afmæli en þó er upplagt að beina spjótum einnig að öðrum hátíðarhöldum s.s. brúðkaupum, skírnum, innflutningspartýum o.s.frv. Spurningarnar á blaðsíðunni er tilvalið að láta nemendur vinna í hópum eða pörum til að skapa umræðu.

Æfing


- Nemendur skrifa t.d. afmæliskort, jólakort, boðskort eða samúðarkort eftir því hvað þeir vilja.
- Nemendur syngja saman afmælissönginn á íslensku en svo er tilvalið að endurtaka flutninginn í hvert sinn sem nálgast afmæli hjá einhverjum nemenda.
- Nemendur syngja eða raula afmælissöngva síns heimalands.
- Hvenær áttu afmæli? Rifjið upp raðtölurnar með nemendum.

Blaðsíða 32 - Hvað er í sjónvarpinu?

Þessari síðu er einkum ætlað að skapa umræðu um klukkuna en einnig þann orðaforða sem tengist sjónvarpsmiðlinum.

Æfing

- Kennari spyr nemendur að því hver sé uppáhalds spennu-, gaman-dramamyndin þeirra. Gott að nota orðin úr listanum hægra megin á síðunni.
- Nemendur vinna í pörum og spyrja hvor annan spurninga um klukkuna, hvenær ákveðnir dagskrárliðir byrja.
- Á hvaða sjónvarðsstöðvar horfa nemendur? Eru þeir með erlendar sjónvarpsstöðvar o.s.frv.



Blaðsíða 33 – Halló, hver er þetta?

Hvernig svörum við í síma og hverjar eru helstu símakveðjurnar?
Gaman að heyra frá nemendum hvernig þeir upplifa íslenska
símnotendur, viðgengst eitthvað annað í þeirra heimalandi
o.s.frv.



MUNA! Þar sem orðið pítsa er notað á síðunni er vert að benda á að þessir
rithættir eru einnig réttir: pítsa og pizza. Í íslensku er líka til nýyrðið
flatbaka sem er gott og gilt en er þó ekki mikið notað.

Æfing

- Kennari/nemandi leikur t.d. símaafgreiðslumann á pítsastað og lætur
nemendur leika viðskiptavini sem hringja inn og panta pítsu.
- Leikin eru símtöl þar sem t.d. eru tilkynnt veikindi, beðið er um frí
eða tími pantaður hjá lækni. Upplagt er þá að láta nemendur stafa
nafnið sitt og segja kennitöluna.

Blaðsíða 34 – Hvar vinnur þú?

Farið er í starfsheiti, heiti vinnustaða og algengustu starfslýsingar.
Nemendur eru spurðir að því við hvað þeir vinni, hvar og hvað þeir geri í
vinnunni. Mikilvægt er að nemendur átti sig á muninum á heiti
vinnustaðarins og því sem þeir gera í vinnunni; *ég vinn hjá Samherja við að
beita.*

Störfin sem eru á myndunum:

lögregluþjónn – smiður – kassadama – kennari
rakari/klippari – kokkur – málari – hjúkrunarfræðingur
flugmaður – þjónn – múrari – saumakona

Æfing:

- Hvaða fleiri störf þekkja nemendur og vinna kannski við.
- Nemendur segja frá störfum sem þeir hafa unnið og hvað hefur
verið skemmtilegasta/leiðinlegasta vinnan þeirra.

Blaðsíða 35 – Baðherbergi

Gott er að varpa myndinni upp. Nemendur finna orð yfir 10 hluti eða fleiri á myndinni og merkja kynið við. Sagnir sem tengjast athöfnum inni á baðherbergi eru taldar upp (að pissa, að þvo, að sturta, að skeina, að raka, að kúka, að vigta, að spegla...) og gott að æfa þær með persónufornöfnum, t.d. ég þarf að..., ég ætla að..., ég verð að...

MUNA! Í daglegu tali notum við ansi mörg orð yfir þetta herbergi. T.d. salerni, snyrting, kló, klósett, bað...

Æfing:

- Æfing á notkun forsetninga. Nemendur búa til spurningar um staðsetningu hluta á myndinni og spyrja hver annan. T.d. *hvar er tannburstinn?*

Blaðsíða 36 – Allt í drasli

Í fyrri dálknum eru orð yfir herbergi í húsinu og í þeim seinni eru heiti yfir húsgögn og ýmislegt annað sem er í herbergjunum. Tengja skal húsgögnin/hlutina við rétt herbergi.

Æfing:

- Nemendur finna fleiri hluti sem finna má í hverju herbergi.
- Nemendur skrifa upp aðrar vistarverur í húsum en þær sem taldar eru upp hér og gera lista yfir hvað er að finna í þeim.

Blaðsíða 37 – Íbúðin mín

Þrír mismunandi textar til að lesa upp. Veljið einn textann og lesið upphátt. Nemendur fylgja fyrirmælum kennarans um hvað þeir eigi að teikna. Ef þið viljið endurtaka leikinn þarf að ljósrita myndina af íbúðinni og lesa nýjan texta. Gott getur verið að fara í ákveðinn orðaforða úr textanum áður en hann er lesinn.

Texti 1 með mynd af íbúð

Hér sérð þú loftmynd af íbúðinni minni. Hún er á 3. hæð í blokk. Úr stofunni er gengið út á svalir. Svalirnar snúa til suðurs og það er blóm á svölunum. Teiknið blóm á svalirnar.

Í stærsta rýminu er stofa og eldhúskrókur. Í stofunni og eldhúsinu eru tveir gluggar sem snúa í austur. Skrifaðu A fyrir utan austurvegginn.

Það eru tvö svefnherbergi í íbúðinni. Ég bý ein/n svo ég nota minna herbergið fyrir svefnherbergi. Þar er bara pláss fyrir rúm og náttborð. Rúmið mitt er við vegginn sem snýr að stofunni. Teiknaðu rúmið. Náttborðið er við hliðina á rúminu, undir glugganum. Teiknaðu náttborðið.

Hitt herbergið nota ég fyrir vinnuherbergi. Á miðju gólfinu í vinnuherberginu er kringlótt borð. Teiknaðu borðið inn í vinnuherbergið.

Í norðurendanum á stofunni er eldhúskrókur. Þar bý ég til matinn minn. Eldavélin og ísskápurinn standa upp við vegginn sem snýr að baðinu. Teiknaðu tvo ferninga þar sem eldavélin og ísskápurinn standa.

Í stofunni er stórt borðstofuborð með 6 stólum í kring. Teiknaðu borðið og stólana. Fyrir utan útidyrnar er stór blómapottur og í honum er lítið tré. Teiknaðu blómapottinn og tréð. Rétt við útidyrnar er lítil gluggalaus geymsla. Þar eru fimm kassar fullir af gömlum fötum. Teiknaðu kassana inn í geymsluna. Það er lítil mús að naga gat á einn kassann. Teiknaðu músina!

Texti 2 með mynd af íbúð

Ég bý í lítilli íbúð í blokk. Mamma og pabbi gáfu mér grill í afmælisgjöf og það er á svölunum. Teiknaðu grill á svalirnar. Í gær grillaði ég pylsur og það varð ein pylsa eftir á grillinu. Teiknaðu eina pylsu á grillið. Eldhúsið og stofan eru í einu herbergi. Í eldhúsinu eru tveir gluggar. Eldavélin stendur úti í horni nálægt einum glugganum. Teiknaðu eldavélina. Undir hinum glugganum er vaskur. Teiknaðu vaskinn. Í stofunni er stór þriggja sæta sófi. Hann er uppvið vegginn sem snýr að litla herberginu. Teiknaðu sófann. Á móti sófanum er stórt sjónvarp á veggnum. Teiknaðu sjónvarpið.

Í íbúðinni minni eru tvö svefnherbergi og ein geymsla. Geymslan er rétt við útidyrnar. Þar inni eru skíðin mín. Teiknaðu skíðin. Í minna herberginu er oft mikið drasl. Núna er hjólið mitt þar inni. Teiknaðu hjólið. Í stærra herberginu er rúmið mitt. Ég á stórt tvíbreitt rúm. Það er úti í horni undir glugganum. Teiknaðu rúmið. Ég á kött og honum finnst gott að kúra í rúminu mínu. Núna liggur hann í miðju rúminu. Teiknaðu köttinn. „Ding- dong“! Það var verið að hringja dyrabjöllunni. Vinur minn er að koma í heimsókn. Hann stendur fyrir utan útidyrnar og er með blómvönd! Teiknaðu vin minn með blómvöndinn.

Texti 3 með mynd af íbúð

Velkomin heim til mín!

Þegar þú kemur inn í forstofuna mína er stór spegill beint á móti útidyrnum. Teiknaðu spegilinn. Ég á hund sem heitir Snati og hann borðar matinn sinn í forstofunni. Teiknaðu matarskálina hans í forstofuna. Úr forstofunni er gengið inn í litla geymslu. Þar geymi ég stóran poka með hundamat, sóp, skóflu og fleira dót. Teiknaðu poka með hundamat, sóp og skóflu. Það eru tvö herbergi í íbúðinni. Annað er frekar lítið. Þar sefur hundurinn minn. Teiknaðu bælið hans. Undir glugganum í litla herberginu er skrifborð. Gleraugun mín liggja á borðinu. Teiknaðu borðið og gleraugun. Í stærra herberginu er rúmið mitt undir glugganum. Teiknaðu rúmið. Í horninu sem snýr að geymslunni er skápur. Uppi á skápnunum er líkan/módel af flugvél. Teiknaðu skápinn og flugvélina.

Eldhúsið og stofan eru í einu herbergi. Á veggnum sem snýr inn að baðinu er sjónvarpið mitt, stór og flottur flatskjár. Teiknaðu sjónvarpið/flatskjáinn. Í horninu og undir öðrum glugganum er hornsófi. Teiknaðu hornsófann. Vinstra megin við svaladyrnar er eldavél og vaskurinn er í horninu þar við hliðina á. Teiknaðu eldavélina og vaskinn. Á miðju gólfinu er ferkantað borð og fjórir stólar. Teiknaðu borðið og stólana. Snati er úti á svölum. Hann er að naga bein. Teiknaðu Snata og beinið!

Blaðsíða 38 – Kæra dagbók

Nemendur æfa sig á hugtökum sem tengjast tíma, s.s. *fyrst, svo, síðan, á undan* og *eftir það*. Þeir skrifa dagbók fyrir Sunnu og lögð er áhersla á að þeir skrifi heilar setningar. Mjög gott er að fara í setningauppbýggingu í íslensku. Frumgerð setninga í íslensku er frumlag – sögn – andlag (þ.e. gerandi – sögn – þolandi). Röð frumlags og sagnar snýst við í beinum spurningum: Siggí les bók – Les Siggí bók?

Sagnirnar sem koma fyrir neðst á síðunni er gott að beygja í persónum (ég mála, þú málar, hann/hún/það málar) Ef hópurinn er tilbúinn til þess er líka hægt að taka fyrir þátíðina.

Blaðsíða 39 – Háar tölur

Hér er gert ráð fyrir að nemendur hafi ágætis þekkingu á eininga- og tugakerfinu og kynnist nú hundruðum og þúsundum. Leggja skal áherslu á að nemendur vandi sérstaklega framburð strax í upphafi og klári að bera fram alla talnarununa, t.d. 2193 (tvöþúsund- eittundrað-níutíu og þrír).

MUNA! Á íslensku segjum við *og* þegar við segjum tölur hærri en 20. (tuttugu *og* einn, níutíu *og* sjö...) Þetta er ekki gert í ensku en er gert t.d. í þýsku og norrænum tungumálum þegar einingin er sögð á undan tugnum (fem og tyve). Hvað með önnur tungumál?

Æfing

- Kennari spyr nemendur t.d. að fæðingarári þeirra, foreldra, barna...
- Kennari skrifar háar tölur á miða. Nemendur draga miða og æfa framburð talnanna.



Blaðsíða 40 – Hvað er í matinn?

Nemendur skoða orðaforða tengdan eldamennsku og mat. Tilvalið að skoða einnig orðaforða sem tengist húsverkum í eldhúsinu, s.s. að kaupa í matinn/kaupa inn, ganga frá, vaska upp, setja í uppvottavél, fara út með ruslið o.s.frv.

Æfing

- Nemendur gera sér glaðan dag saman! Allir leggja til eitthvað smávegis á borðið eða þá að kennari býður upp á léttar veitingar t.d. skúffuköku og djús :) Nemendur dúka og leggja á borð og æfa sig svo í samræðulistinni...
 - gjörðu svo vell!
 - viltu rétta mér ...?
 - takk, takk fyrir
 - má bjóða þér meira?
 - viltu gefa mér ...?
- Nemendur segja frá hvað þeir myndu bjóða upp á í matarboði.
- Ef aðstæður leyfa er gaman að elda eitthvað saman og borða.



Blaðsíða 41 – Að borða mat

Nemendur skoða myndina og fara sameiginlega yfir heiti þess sem er á henni. Auk morgunmatar er gott að benda á hinar máltíðirnar:
hádegismatur - kaffitími - kvöldmatur - kvöldkaffi.

Æfing:

- Umræður um hvaða máltíðir eru í heimalöndum nemenda, hver er stærsta máltíðin o.s.frv.
- Tengið umræðuna við klukkuna, nemendur segja frá hvað þeir borða á einum degi og tengja það klukkunni.

Blaðsíða 42 - Í bakaríi


Nemendur læra orðaforða tengdan bakkelsi og almennri afgreiðslu og hvernig við snúum okkur í henni. Uppbygging samtalsins gæti vitaskuld átt við hvaða verslun sem er.

Æfing:

- Nemendur fara í búðarleik. Kennari gerir miða með vöruheitum eða safnar umbúðum utan af vörum og verðmerkir. Nemendur skiptast svo á að leika afgreiðslumann og viðskiptavin.
- Hlustið á Piparkökusönginn úr Dýrunum í Hálsaskógi og hlustið eftir orðum sem tengjast bakstri.
<http://www.leikskolar.mos.is/hladhamrar/songbok/born-og-folk/piparkokusongurinn.htm>
- Kennari eða nemendur koma með uppskriftir að kökum eða brauði og fara yfir orðaforða tengdan bakstri. Þannig læra nemendur um hráefni, mælieiningar og aðgerðirnar eins og að hræra, hella, skera o.s.frv.

Hér fylgir uppskrift að kleinum ef allt annað þrýtur:

Efni:	Aðferð:
4 egg 1 $\frac{1}{2}$ bolli sykur 150 gr. smjörlíki 1 $\frac{1}{2}$ bolli súrmjólk 1 $\frac{1}{2}$ bolli mjólk $\frac{1}{2}$ tsk. salt 1 $\frac{1}{2}$ tsk. kardemommur 2 - 3 tsk. vanilludropar 4 tsk. lyftiduft $\frac{1}{2}$ tsk. hjartarsalt $\frac{1}{2}$ tsk. sódaduft Hveiti eftir þörfum.	Egg og sykur þeytt saman. Bræddu smjörlíki bætt í. Súrmjólk og mjólk, salti, kardemommum og vanilludropum bætt út í. Síðan kemur lyftiduft, hjartarsalt og sódaduft og þar næst er hveiti hrært saman við þangað til réttri þykkt á deiginu er náð. Steiktar upp úr plöntufeiti.



Blaðsíða 43 – Í bankanum

Á þessari blaðsíðu er mikill sérhæfður orðaforði sem nemendur þurfa þó að kunna ágætis skil á enda er þetta stór partur af daglegu lífi þeirra. Hér getur verið afar gagnlegt að hafa meðferðis debet-, og kreditkort, auðkennislykil o.s.frv. til að sýna nemendum.

Orðaforði sem tengist banka er mikill og getur verið flókinn. Hér eru nokkur orð sem hægt er að kynna fyrir nemendum ef þeir eru tilbúnir:

útibú - undirskrift - víxill - ábyrgðarmenn - yfirdráttur - heimild - taka út
leggja inn - yfirfæra - launareikningur - vextir - umsókn - greiðsludreifing
leytinúmer - gjaldeyrir - millifærsla

Æfing:

Nemendur leika starfsmann og viðskiptavin í banka og borga t.d. reikninga, opna bankareikning, sækja um kredit-/debetkort o.s.frv.

Blaðsíða 44 – Íslenskir peningar

Nemendur eru fræddir lítillega um þá einstaklinga sem prýða peningaseðla Íslands og þar með fá þeir smá innsýn í söguna. Það fer óneitanlega mikið eftir hópnum hversu miklum tíma er varið eða hversu djúpt er farið í þetta.

Hér eru aðeins ítarlegri upplýsingar um peningana fyrir þá sem vilja:

Seðlar

500 krónur

Fyrst settur í umferð árið 1981. Á framhlið er mynd af Jóni Sigurðssyni forseta (1811-1879), borði dreginn eftir fyrirmynd á 500 kr. seðli Landsbanka Íslands árið 1944, grunnmynstur eftir veggteppi úr eigu Jóns Sigurðssonar.

Á bakhlið er Jón Sigurðsson við skriftir, veggteppi og aðrir munir úr safni Jóns Sigurðssonar í Þjóðminjasafni, til hliðar er mynd af Lærða skólanum í Reykjavík þar sem þingfundir voru haldnir í tíð Jóns Sigurðssonar.

1000 krónur

Fyrst settur í umferð árið 1984.

Framhlið: mynd af Brynjólfi Sveinssyni (1605-1675) Skálholtsbiskup

Á bakhlið er mynd af Brynjólfskirkju í Skálholti og að baki sneiðmynd af kirkjunni.

2000 krónur

Fyrst settur í umferð árið 1995.

Aðallitur er brúnn og gulur á framhlið, en blár og gulur á bakhlið.

Á framhlið er mynd af Jóhannesi S. Kjarval listmálara; að baki hans er stílfærður hluti af málverki Kjarvals, Úti og inni.

Á bakhlið má sjá myndina Flugþrá eftir Kjarval og teikningu hans, Kona og blóm.

5000 krónur

Fyrst settur í umferð árið 1986.

Á framhlið er Ragnheiður Jónsdóttir biskupsfrú á Hólum og Gísli Þorláksson biskup ásamt tveimur fyrri konum sínum, Gróu Þorleifsdóttur og Ingibjörgu Benediktsdóttur.

Á bakhlið er Ragnheiður Jónsdóttir ásamt tveimur stúlkum við hannyrðir og til hliðar er fangamark úr sjónabók Ragnheiðar.

Borðar og grunnmynstur á báðum hliðum ásamt útsaumslettri á framhlið er gert eftir altarisklæði úr Laufáskirkju í Þjóðminjasafni.



Mynt

100 krónur

Sett í umferð árið 1995. Á framhlið eru landvættir Íslands, stílfærð mynd.

Á bakhlið er mynd af hrognkelsi.

50 krónur

Sett í umferð árið 1987. Á framhlið er mynd af landvættum Íslands, stílfærð mynd.

Á bakhlið er mynd af bogkrabba.

10 krónur

Sett í umferð árið 1984. Á framhlið er stílfærð mynd af landvættum eins og á öðrum myntum, en á bakhlið er mynd af loðnu.

5 krónur

Sett fyrst í umferð árið 1981. Á framhliðinni eru vættir landsins, en á bakhlið höfrungar.

1 króna

Þessi króna var fyrst sett í umferð árið 1981. Á framhliðinni mynd af bergrisa úr landvættamerkinu, en á bakhlið er þorskur.

Blaðsíða 45 - Á ferðalagi

Farið er í orðaforða sem tengist ferðalögum, farangri o.fl. Athugið að inni í kassanum yfir farangurinn eru orð sem ekki passa!

Æfing:

- Umræður um hve langan tíma tekur að fljúga til heimalanda nemenda og hvernig flogið sé þangað (millilending, hvað annað en flug /rúta, lest...).
- Umræður um hvað má hafa í handfarangri og hvað ekki. Hafa nemendur einhvern tímann lent í vandræðum í tollinum o.s.frv.
- Draumaferðin. Ef nemendur ættu ótakmarkað af peningum, hvert myndu þeir vilja fara, með hverjum og hvað myndu þeir gera?
- Nemendur vinna með ferðaáætlanir, t.d. rútu og flugvéla. Kennari getur verið búinn að gera spurningar sem nemendur eiga að finna svör við eða þeir búið til spurningar og spurt hver annan.



Blaðsíða 46 - Að vísa til vegar

Nemendur læra algeng orð sem notuð eru þegar vísað skal til vegar. Þeir æfa sig á korti og vísa hver öðrum á leiðarenda. Aftast í bókinni eru fleiri kort og upplagt er að nota götukort frá mismunandi bæjum.

Æfing

- Tveir og tveir nemendur vinna saman. Þeir nota kortin aftast í bókinni eða önnur götukort og skiptast á að segja hvor öðrum til vegar.
- Nemendur skoða Íslandskort og segja frá hvar keyrt er til að komast frá einum stað til annars.
- Tveir og tveir nemendur vinna saman. Bundið er fyrir augun á öðrum þeirra og á hinn að leiða hann ákveðna leið sem jafnvel er búíð að setja smá hindranir á. Sá sem leiðbeinir má ekki snerta hinn, aðeins nota orð (beygja til hægri/vinstri, beint áfram, stopp, beygja sig niður...).

Blaðsíða 47 – Eyðublöð

Nemendur fara yfir þann orðaforða sem tengist hinum ýmsu eyðublöðum sem þeir þurfa sífellt að fylla út.

Æfing

- Hægt er að ljósrita alls konar eyðublöð, s.s. frá hagstofunni, bönkum og skólum, til að láta nemendur æfa sig enn frekar.

Blaðsíða 48 og 49 – Orð sem tengjast

Hér er hugsunin sú að búinn sé til hugtakabanki um afmörkuð viðfangsefni sem kennari eða nemendur ákveða. Nemendur fylla kassana með orðum sem tengjast t.d. fjölskyldu, árstíð, sumarfríi, jólum o.s.frv. Gott er að nemendur vinni saman í litlum hópum og síðan geta allir hópar lagt sitt af mörkum þegar kennari skrifar orð upp á töflu. Orðabankann er síðan hægt að nota á ýmsa vegu, sjá hér að neðan. Í bókinni eru tvær svona blaðsíður og upplagt er að ljósrita fleiri ef gerðir eru fleiri en tveir hugtakabankar!



Æfing:

- Nemendur finna kyn nafnorða.
- Nemendur setja sagnir í mismunandi tíðir.
- Nemendur stigbreyta lýsingarorð.
- Nemendur spjalla um viðfangsefnið (segja frá fjölskyldu sinni, hvaða árstíð þeim finnst skemmtilegust, skemmtilegu ferðalagi...).
- Nemendur skrifa texta þar sem þeir styðjast við hugtakabankann.